

2. júlí 1981.

483

Nr. 307.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir þjónustu Loftferðaefirlits flugmálastjórnar.

1. Skoðunargjöld loftfara.

- 1.1 Skoðunargjöld vegna skrásetningar eða ársskoðunar loftfara miðast við skráðan hámarks-flugtaksþunga þeirra.
- 1.2 Fyrir þyrlur og flugvélar allt að 5 700 kg að þyngd greiðast kr. 0,20 fyrir hvert kg en lágmarksgjald er kr. 200,00.
- 1.3 Fyrir flugvélar yfir 5 700 kg að þyngd greiðast kr. 1 100,00 að viðbættum kr. 0,04 fyrir hvert kg.
- 1.4 Fari skoðun fram erlendis greiðast enn fremur fargjöld skoðunarmanns og dagpeningar samkvæmt kjarasamningi starfsmanna ríkisins.

2. Skírteinisgjöld flugliða.

- 2.1 Fyrir skrifleg og verkleg prófskírteini flugliða greiðast eftirfarandi prófgjöld:

	Skrifleg próf	Verkleg próf
Einkaflugmaður	kr. 110,00	kr. 90,00
Atvinnuflugmaður	— 140,00	— 90,00
Atvinnuflugmaður m. m. prófi	— 170,00	— 110,00
Blindflugsréttindi	— 140,00	— 110,00
Flugkennararéttindi	— 110,00	— 90,00
Flugumsjónarmaður	— 170,00	
Flugvélavirki (tegundarréttindi)	— 50,00	

- 2.2 Við endurnýjun skírteinis greiðast kr. 50,00.

3. Almenn ákvæði.

- 3.1 Gjöld fyrir verkleg próf skírteinis flugliða greiðast til prófdómara. Önnur gjöld greiðast hjá gjaldkera flugmálastjórnar Reykjavíkurflugvelli.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum um loftferðir nr. 31 21. maí 1961, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 13 9. janúar 1980 um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 2. júlí 1981.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.